

Ágæti nýnemi í MK

Það er mér sönn ánægja að taka á móti þér í Menntaskólann í Kópavogi haustið 2025. Framundan bíður þín skemmtilegur tími í MK og við hlökkum til að kynnst þér.

Mánudaginn 18. ágúst verður stutt tölvunámskeið fyrir nýnema. Við biðjum nemendur að skrá sig á þann tíma sem hentar best og verða skráningarhlekki á heimasíðu MK í byrjun ágúst. Hvert námskeið er klukkustund og þar munu nemendur fá kennslu á námsumhverfið sem við notum í skólanum. **Nauðsynlegt er að vera með rafræn skilríki.**

Í MK eru allir nemendur með eigin fartölvur og við biðjum þig að mæta með þína fartölvu á námskeiðið. Hver nemandi þarf að kunna á sína tölvu og skiptir engu máli hvort um Mac eða PC tölvu er að ræða. Nemendur þurfa að lágmarki að kunna að vista skjöl og búa til möppur áður en þeir mæta á þetta námskeið. Í byrjun ágúst munum við senda öllum nýnemum notendanafn og leiðbeiningar til að sækja lykilorð. **Það er mikilvægt að allir hafi sótt notendanafn og lykilorð fyrir námskeiðið þann 18. ágúst.**

Móttaka nýnema verður þriðjudaginn 19. ágúst kl. 14:00-15:30 í Sunnusal, gengið inn frá Digraðesvegi. Nemendur hitta umsjónarkennara sína og fá kynningu á skólanum.

Kynningarfundur fyrir forráðamenn nýnema verður **þriðjudaginn 26. ágúst kl. 17:00-18:30** í Sunnusal Menntaskólans í Kópavogi, gengið inn frá Digraðesvegi.

Kennsla hefst miðvikudaginn 20. ágúst skv. stundatöflu. Allar frekari upplýsingar eru á heimasíðu skólans www.mk.is og hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið mk@mk.is.

Menntaskólinn í Hamrahlíð býður upp á nám í norsku og sænsku í stað dönsku fyrir nemendur sem það mega. Nemendur skrá sig sjálfir á heimasíðu MH fyrir kl. 17:00 þann 15. ágúst. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu MH.

Nýnemaferð verður farin 28. ágúst sem mun taka allan daginn og við gerum ráð fyrir að allir nýnemar mæti en þetta er gott upphaf á félagsstarfi vetrarins. Farið verður nánar yfir dagskrá ferðarinnar á kynningafundinum þann 19. ágúst og á fundi með forráðamönnum þann 26. ágúst.

Ég hlakka til að sjá þig í haust,



Guðríður Hrund Helgadóttir
skólameistari

*Til að staðfesta skólavist þarft þú að ganga frá greiðslu skólagjalda. Krafan mun birtast í heimabanka forráðamanna á næstu dögum. Gjaldþagi er 20. júlí og eindagi 1. ágúst. Skólagjöld verða ekki endurgreidd eftir 22. ágúst og innritunargjald fæst ekki endurgreitt. **Ef krafan er ekki greidd fyrir eindaga lítum við svo á að þú þiggir ekki skólavist hjá okkur og afskráum þig úr Innu.***